

**Stefnumótandi áætlun
Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar**

2003 - 2005

Formáli

Heilbrigðisbjónusta er ómissandi í nútímasamfélagi og hefur mikil áhrif á hag almennings og búsetuval. Án hennar fær samfélag ekki þrifist og öryggi íbúanna yrði ófullnægjandi. Þess utan felst mikill auður í heilbrigðisstarfsfólk vegna reynslu þess og menntunar. Það hefur áhrif á samfélagið með margvíslegu móti, t.a.m. með upplýsingagjöf og rannsóknum.

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, hefur það hlutverk að veita skjólstæðingum sínum fullkomnustu heilbrigðisbjónustu sem á hverjum tíma er mögulegt að veita til verndar líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði. Stofnunin hefur jafnframt það hlutverk að stunda bráðalækningar á öllum sviðum, auk þess að halda uppi viðunandi héraðshlutdeild varðandi aðrar lækningar s.s. valaðgerðir og fleira til þæginda og sparnaðar fyrir íbúa Vestfjarða og þjóðfélagið í heild.

Hér á eftir er að finna stefnumótun Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ (HSÍ) til næstu 3 ára.

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði (FSÍ) veitir íbúum fjórðungsins, gestum, ferðafólk og sjófarendum á Vestfjarðamiðum alla bráðapjónustu sem og aðra sjúkrahúsþjónustu sem unnt er að veita með tilliti til mannafla, aðstöðu og annarra faglegra þáttu. Sjúkrahúsið hefur einnig það hlutverk að veita frumheilsugæslunni í fjórðungnum allan þann stuðning sem slík starfsemi þarfust sem og að taka þátt í henni eftir því sem við á.

Hlutverk heilsugæslunnar er að veita lögbundna frumheilbrigðisbjónustu á sínu svæði sem og að veita sjúkrahúsinu þann stuðning sem slík þjónusta þarfust frá heilsugæslu.

Framtíðarsýn

Stofnunin á að verða leiðandi á sínu sviði í þjónustu og héraðshlutdeild og þar með styrkir hún stöðu sína sem einn af máttarstólpum vestfirksks samfélags.

Markmiðið er að verða virkur þátttakandi í þróun nýrrar tækni og þekkingar í læknisfræði og hjúkrun og verða öflug kennslustofnun á sviði heilbrigðisvísinda og verklegrar kennslu.

Nauðsynlegt er að rækta góð tengsl við aðrar heilbrigðisstofnanir, ráðuneyti, fyrirtæki í tengdum rekstri og ekki síst almenning.

Stofnunin á að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem valið er úr umsækjendum í allar stöður við stofnunina. Til þess að ná þessum markmiðum leggur stofnunin áherslu á eftifarandi atriði á næstu árum, annars vegar í starfsemi sjúkrahússins og hins vegar í starfsemi heilsugæslunnar.

Unnið verði eftir markvissum áætlunum þar sem haldist í hendur fagleg og fjárhagsleg ábyrgð.

Nútíma upplýsingatækni verði nýtt til að auka gæði, hagkvæmni og öryggi þjónustunnar.

Húsnæði stofnunarinnar fullnægji þeim kröfum sem settar eru á hverjum tíma.

Þjónusta og gæði

Markmið

FSÍ hefur örugga vaktþjónustu allan sólarhringinn allt árið. Heilsugæslustöðin veitir almenna heilsugæsluþjónustu fyrir íbúa í Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi og hefur jafnframt forystuhlutverk varðandi forvarnastarf.

Áhersla er lögð á skilvirkja og hagkvæma þjónustu.

Gæði þjónustunnar séu stöðug og leitað sé leiða til að auka þau og mæla árangur þeirra.

Hagsmunir skjólstæðinga eru hafðir að leiðarljósi við störf innan stofnunarinnar.

Leiðir

FSÍ leggur áherslu á fjölpætta sérfræðipjónustu á eftirtöldum deildum:

- *Bráðadeild (lyf- og handlækningadeild)*
- *Fæðingadeild*
- *Öldrunarlækningadeild*
- *Slysadeild*
- *Skurðeild*
- *Röntgendeild*
- *Endurhæfingardeild (sjúkra- og iðjuþjálfun)*
- *Rannsóknastofa*

Reglubundin sérfræðipjónusta verði veitt í eftirtöldum greinum:

- *kvenlækningum*
- *háls-, nef- og eyrnalækningum*
- *augnlækningum*
- *bæklunararlækningum*
- *öldrunarlækningum*
- *hjartalækningum*
- *barnalækningum*

Komið verði á reglubundinni sérfræðipjónustu til viðbótar í eftirtöldum greinum:

- *geðlækningum*
- *svæfingalæknispjónusta*

Lögð verður áhersla á góða samvinnu við LHS og FSA um afleysingapjónustu annars vegar og farandþjónustu sérfræðilækna hins vegar.

Gera verður ráð fyrir mikilli aukningu í starfsemi öldrunardeilda vegna fjölgunar aldraðra á svæðinu.

Fjölgun heilabilaðra kallar á breytingar, með tilliti til aukinnar hjúkrunarmeðferðar, eftirlits og lokunar á gangi deildarinnar og aðstöðu til líkamlegrar áreynslu, s.s. rápleiðar.

Stefnt er að því að setja á laggirnar deild fyrir sjúklinga með helftarlamanir og heilabilun.

Haldið verði áfram með sérhæfða endurhæfingu aldraðra og hugað að endurhæfingu hjartasjúklinga, krabbameinssjúkra, helftarlamaðra og heilabilaðra

Heilsugæslan leggur áherslu á:

- *starfsemi á svíði fyrirbyggjandi læknisfræði*
- *heilsueflingu almennings*
- *sterka stöðu varðandi fjölda, reynslu og menntun starfsfólks*
- *stöðuleika í mönnun ásamt vissum hreyfanleika fyrir ungliða og starfsnám*
- *að skólahjúkrun verði öflug*
- *virkara eftirlit með innflytjendum í ungbarnavernd og skólum*
- *fræðslu í skólum um t.d. svefn, hreinlæti, skyndihálp, næringu, kynlíf/getnaðarvarnir, reykingar, áfengi, vímuefn, sjálfsmynd auk tannheilsu sem yrði í samvinnu við tannlækna.*
- *fræðslu sjúklinga og aðstandenda*

- að auka framboð á heimahjúkrun og huga að nýjungum á því sviði
- að þjónustan verði hreyfanleg milli útibúa (staða) þar sem það á við

Hver deild setji sér þjónustumarkmið sem endurskoðuð eru reglulega.
Unnar verði gæðastaðlar á öllum deildum.

Þeir skjólstæðingar sem telja sig þurfa á bráðabjónustu heilsugæslunnar að halda fái hana samdægurs og ef um bráðasjúkdóma eða slys er að ræða, umsvifalaust.

Rannsóknir og kennsla

Markmið

Þar sem stærð og eðli stofnunarinnar er mjög hentugt til kennslu er lögð áhersla á það á tímabilinu að skapa nýja möguleika til kennslu heilbrigðisstéttu almennt, auk áherslu á landsbyggðarlækningar og hjúkrun.

Samvinna verði um þetta við menntastofnanir og aðrar heilbrigðisstofnanir, auk heilsugæslunnar eftir því sem þörf krefur og fjármagn leggst til.

Leitað verði eftir fjármagni til að geta boðið upp á rannsóknarstöðu á stofnuninni. Aukin áhersla á fræðslu sjúklinga og aðstandenda.

Leiðir

Lögð verði áhersla á kennslu læknakandídata, læknanema, hjúkrunarfræðinema, sjúkraliðanema, læknaritaranema og annarra nema í heilbrigðisgreinum sem hægt er að sinna hér.

Möguleikar starfsmanna til símenntunar verði auknir, m.a. með notkun fjarfundarbúnaðar.

Upplýsingamál

Markmið

Upplýsingatæknin verði nýtt til einföldunar á starfsemi stofnunarinnar.

Afritataka, vistun og öryggi gagna verði tryggð með skilvirkum hætti.

Öll samskipti innan stofnunarinnar verði pappírslaus á tímabilinu.

Farið verði skipulega yfir allt skráningarferli sjúklinga á hverri deild, það endurbætt og samræmt.

Leiðir

Heimasíða HSÍ verði endurbætt en á henni verði upplýsingar um stofnunina ásamt fræðslu eftir því sem við verður komið.

Aðstaða læknaritara innan stofnunar verði sameinuð.

Allar komur sjúklinga verði skráðar í sjúkraskrárkerfi.

Söfnun og meðferð upplýsinga innanhúss verði endurskoðuð svo komist verði hjá tvíverknaði.

Niðurstöður rannsókna verði skráðar jafnóðum í tölvukerfi stofnunarinnar.

Fjármál - stjórnun - skipulag

Markmið

Þjónustusamningur er við Heilbrigðisráðuneytið um fjárveitingar, sem haldast í hendur við umfang þjónustunnar.

Unnið er eftir markvissum áætlunum og þar haldast í hendur fagleg og fjárhagsleg ábyrgð.

Skipulag stofnunarinnar í heild sinni og einstakra eininga sé virkt og endurskoðað reglulega.

HSÍ nýtir sér upplýsingatæknina til að ná fram árangri í fjármálastjórn.

Leiðir

Farið verði í kostnaðargreiningu og deilingu kostnaðar út á deildir og starfsstöðvar í mun meira mæli en áður.

Nýtt upplýsingakerfi ríkisins verði nýtt til að ná fram árangri í fjármálastjórn.

Deildarstjórar og aðrir stjórnendur fái aðgang að rekstrarupplýsingum um einingar sínar í gegnum tölvukerfi stofnunarinnar.

Deildarstjórar og aðrir stjórnendur bera ábyrgð á vinnuskýrslum undirmanna sinna og skulu koma þeim leiðréttum inn í upplýsingakerfi stofnunarinnar.

Komið verði á langtímaáætlunum um tækjakaup og viðhald í samstarfi við ráðuneytið.

Skipurit stofnunarinnar verði kynnt fyrir starfsfólki stofnunarinnar.

Komið verði upp heimasíðu fyrir stofnunina sem bæði getur nýtt fyrir almenna upplýsingagjöf og verið kynning á starfseminni.

Starfsmannamál

Markmið

HSÍ sé eftirsóknarverður og öruggur vinnustaður sem hefur á að skipa hæfu starfsfólki með góða þekkingu og faglegan metnað.

Endurmenntun og símenntun er eðlileg krafa sem stofnunin gerir til starfsfólks.

Leiðir

Lokið verði við gerð starfsmannastefnu fyrir stofnunina.

Starfsmannastefnan sé:

- líkleg til að uppfylla þarfir stofnunarinnar
- stuðli að starfsþróun (*styrking á hæfni og þekkingu starfsmanna og möguleikum þeirra á starfi á þeim grundvelli*)
- greinileg og lýsi, að markmið stofnunarinnar er summan af markmiðum starfsfólksins
- leggi áherslu á gagnkvæma ábyrgð stofnunar og starfsfólks

Starfslysingar verða gerðar fyrir öll störf samkvæmt skipuriti.

Starfsmannasamtöl fái vægi í starfsþróun einstakra starfsmanna.

Húsnæðis- og öryggismál

Markmið

Að húsnæði stofnunarinnar henti þeirri starfsemi sem fer fram á hverri starfsstöð hennar.

Huga þarf sérstaklega að skipulagi og herbergjaskipan húsnæðis stofnunarinnar á Ísafirði en þar nýtist húsnæðið illa og þarfnað aðlögunar að breyttum tínum.

Húsnæðismál stofnunarinnar á Flateyri þarfnað endurskoðunar við.

Koma þarf upp viðurkenndum öryggiskerfum í húsnæði stofnunarinnar til viðbótar við núverandi eldvarnakerfi.

Leiðir

Fram þarf að fara mat á húsnæðispörf stofnunarinnar á komandi árum ásamt framkvæmdaáætlun um endurbætur og nýbyggingar ef þörf er á.

Gera þarf samning um framkvæmdirnar við heilbrigðisráðuneytið um endurbæturnar og þær framkvæmdir sem óhjákvæmilegar eru.

Gera þarf viðhaldssáætlun um húsnæði og endurnýjun tækja og leita eftir fjárveitingum í einstök verkefni.

Gera þarf merkingar í húsnæði stofnunarinnar skilmerkilegri.

Þjónustumarkmið

Þeir skjólstæðingar sem telja sig þurfa á bráðapjónustu heilsugæslunnar að halda fái hana samdægurs og ef um bráðaveikindi eða slys er að ræða, umsvifalaust.

Sjúklingur verði upplýstur um fyrirhugaða meðferð strax og hún er ákveðin. Ljóst sé í öllum tilvikum hvaða læknir og hjúkrunarfræðingur beri ábyrgð á meðferð sjúklings.

Sjúkraskrá sjúklings skal loka eigi síðar en 2 vikum eftir að meðferð lýkur á sjúkrahúsinu og gengið frá læknabréfi á sama tíma.

Hjúkrunarbréf sendist heilsugæslustöðvum, til heimahjúkrunar eða dvalarheimila á útskriftardegi.

Hver deild setji sér þjónustumarkmið sem endurskoðuð verði reglulega.